

Öll notkun vefsíðu GolfBox er háð notendaskilmálum (hér eftir "skilmálar") sem hér koma fram.

Notendur eru hvattir til að kynna sér og ber að virða þær reglur sem golfklúbbar hafa sett varðandi rástímaskráningar og staðfestingu á mætingu í rástíma.

Því fylgir ábyrgð að taka frá og skrá sig á rástíma. Notendur þurfa að standa við skuldbindingar sínar gagnvart viðkomandi golfklúbbi, meðspilurum og öðrum notendum.

Ef notandi skeytir ítrekað engu um eftirfarandi skilmála þá áskilja golfklúbbar sér rétt til að bregðast við. Slíkt getur t.d. falist í takmörkuðum aðgangi að golfvelli í ákveðinn tíma. Þegar um brot er að ræða fær notandi senda viðvörun en ef brot eru ítrekuð eða alvarleg læsist aðgangur að GolfBox án viðvörunar. Slíkt er talið réttlætanlegt í því skyni að gæta hagsmuna annarra notenda. Hafa verður samband við viðkomandi golfklúbb ef aðgangur læsist.

EFTIRFARANDI SKILMÁLAR GILDA UM HEIMSÓKN ÞÍNA Á VEFSÍÐUNA OG SKRÁNINGAR SEM ÞÚ KANNT AÐ GERA NÚ EÐA SÍÐAR.

Í umboði Golfsambands Íslands heldur GolfBox þessari vefsíðu úti og öðrum vefsíðum sem eru tengdar þessari vefsíðu (hér eftir sameiginlega "vefsíðan") og öllum upplýsingum og þjónustu sem veitt er á þessari vefsíðu til afnota og aðgangs fyrir alla skráða meðlimi í golfklúbbum á Íslandi, en einungis í þeim lögmæta tilgangi sem lýst er hér að neðan.

Fyrir að fá aðgang að þessari vefsíðu samþykkir þú að vera bundin(n) af þessum skilmálum og að fara eftir öllum viðeigandi lögum og reglum.

Þú ert vinsamlegast beðin(n) um að skoða ekki eða nota vefsíðuna ef þú samþykkir ekki þessa skilmála.

Með því að fara inn á vefsíðuna samþykkir þú að íslensk lög gildi um vefsíðuna, efnið, aðgang þinn, skoðun og kaup á vefsíðunni, sem og að varnarþing vegna ágreiningsmála sé hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Þú samþykkir að Golfsamband Íslands og golfklúbbar innan Golfsambands Íslands eigi rétt á því að neita þér um aðgang að

vefsíðunni hvenær sem er, án nokkurs fyrirvara, sem og til að stöðva tengingu þína eða aðgang að vefsíðunni.

Þú samþykkir að veita Golfsambandi Íslands fulla og ótakmarkaða heimild til að nota allar þær upplýsingar sem þú sendir til vefsíðunnar. Þér er óheimilt að senda til vefsíðunnar upplýsingar sem geta talist ólögmætar eða fela í sér refsivert brot. Golfsamband Íslands ber enga bótaábyrgð vegna hvers kyns tjóns eða miska er kann að stafa af því að aðgangur fékkst eða fékkst ekki að vefsíðu þessari.

TAKMÖRKUN Á NOTKUN ÞINNI Á VEFSÍÐU OG EFNI

Leyfilegur aðgangur þinn að vefsíðunni er bundinn við aðganginn sem slíkan, skoðunar vefsíðunnar og til skráninga á vefsíðunni. Leyfilegur aðgangur þinn nær ekki til annarrar notkunar á efni eða vefsíðu. Öll notkun hugbúnaðar eða skrifta er óheimil að öðru leyti en nauðsynleg er vegna leyfilegra athafna þinna sem samþykktar hafa verið af GolfBox og/eða Golfsambandi Íslands. Í þessu felst, en er þó ekki einskorðað við, að notendum er óheimilt án sérstaks leyfis Golfsambands Íslands að tengja vefsíðuna við aðra vefsíðu og/eða hvers kyns hugbúnað, eða gera vefsíðuna hluta af annarri vefsíðu án skriflegs samþykkis Golfsambands Íslands. Leyfi þitt fellur sjálfkrafa niður ef þú brýtur einhver atriði þessara skilmála.

SÍÐUR SEM TENGDAR ERU VEFSÍÐUNNI OG ER EKKI HALDIÐ ÚTI AF GOLFBX

Hvorki Golfsamband Íslands né GolfBox taka ábyrgð á þeim vefsíðum sem tengdar eru vefsíðunni og er ekki haldið úti af GolfBox. GolfBox ræður ekki efni eða fyrirkomulagi á öðrum vefsíðum en sínum eigin og getur því ekki borið ábyrgð á þeim eða hverjum þeim skráningum sem kunna að vera gerðar í gegnum slíkar síður.